



## Reglur um starfsstyrk listamanns Norðurþings

Norðurþing úthlutar starfsstyrk til listamanna í Norðurþingi samkvæmt eftirfarandi reglum:

### 1. gr.

Fjölskylduráð Norðurþings veitir ár hvert starfsstyrk samkvæmt fjárhagsáætlun sveitarfélagsins til listamanns búsetts í Norðurþingi. Samhliða styrknum veitir sveitarfélagið Norðurþing valinn listamann titilinn „Listamaður Norðurþings“ sem hann ber í eitt ár. Upphæð styrksins skal koma fram þegar auglýst er eftir listamanni sveitarfélagsins

### 2. gr.

Listamenn sem hafa framfæri af list sinni að einhverju eða öllu leyti og eiga lögheimili í Norðurþingi eiga rétt á að sækja um starfsstyrkinn og nafnbótina. Aðeins þeir listamenn sem búsettir hafa verið í Norðurþingi að minnsta kosti um tólf mánaða skeið koma til greina.

### 3. gr.

Hægt er að veita einstaklingi eða hópi starfsstyrkinn. Einstaklingur eða hópur getur fengið styrkinn oftár en einu sinni, en þó skulu aldrei líða færri en fimm ár á milli þess að sami aðili hlýtur styrkinn.

### 4. gr.

Fjölskylduráð auglýsir eftir umsóknum um listamann og velur í kjölfarið listamann Norðurþings. Í umsókninni skal koma fram á hvaða hátt listamaðurinn hugsar sér að láta sveitarfélagið og íbúa þess njóta listar sinnar. Auglýst skal á prent- og vefmiðlum sveitarfélagsins fyrir 1. maí ár hvert. Umsóknum skal skilað með rafrænni umsókn á vef Norðurþings.

### 5. gr.

Listamaðurinn skal tilnefndur við hátíðlega athöfn 17. júní ár hvert.

### 6. gr.

Listamaður Norðurþings skal undir lok tímabils sem listamaður sveitarfélagsins kynna fyrir íbúum þau verkefni sem hann hefur unnið að, sveitarfélaginu að kostnaðarlausu. Það getur t.d. verið

með sýningar- eða tónleikahaldi, samstarfi við félög sveitarfélagsins og skóla, eldri borgara og/eða aðra listamenn í sveitarfélaginu. Sveitarfélagið útvegar viðeigandi húsnæði til listviðburða ef þörf er á. Í lok tímabils skal listamaður Norðurþings einnig gera fjölskylduráði stuttlega grein fyrir því á hvaða hátt íbúar sveitarfélagsins hafa notið listar hans.

### **7. gr.**

Fjölskylduráð mælist til þess að listamaður Norðurþings vekji athygli á starfsstyrk og nafnbótinni sem víðast.

### **8. gr.**

Gera skal skriflegan samning við listamanninn.

Tekið fyrir á 114. fundi fjölskylduráðs þann 21.3.2022 og staðfest á 121. fundi sveitarstjórnar þann 29.3.2022

Uppfærðar reglur samþykktar 147. fundi sveitarstjórnar þann 19. september 2024

